



Mýrdalshreppur

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til upprunar, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórn mála-skoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kynjanna.

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er grundvöllur jafnréttisáætlunar Mýrdalshrepps.

1. gr.

Inngangur

Jafnréttisáætlun Mýrdalshrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúunum. Auk þess eru í áætluninni tilmæli til einstaklinga og yfirvalda, stofnana og fyrirtækja sem ekki heyra undir stjórn sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í Mýrdalshreppi og jöfnum möguleikum til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Það er stefna Mýrdalshrepps að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

3. gr.

Ákvæði vegna starfsmanna sveitarfélagsins

a) Nefndir og ráð

Við skipan í nefndir ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust og ekki meiri en 60% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem sveitarfélagið er aðaleigandi að.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að farið sé að þessum reglum.

b) Auglýsingar og ráðningar starfsmanna

Með vísan í 6. gr. Starfsmannastefnu Mýrdalshrepps, ber stjórnendum sveitarfélagsins að auglýsa öll föst störf á vegum sveitarfélagsins laus til umsóknar á áberandi hátt og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Jafnréttissjónarmið skulu metin þegar ráðið er í stöður í sveitarfélaginu. Ef úttekt á kynjahlutfalli leiðir í ljós kynjahalla í viðkomandi starfsgrein skal það kyn sem er í minnihluta að jafnaði ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjendur eru jafnhæfir. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum svo sem á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta. Á þeim vinnustöðum þar sem eitt kyn er ráðandi skal í auglýsingu um starf

koma fram hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um laus störf.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á því að jafnréttissjónarmiða sé gætt við allar ráðningar á vegum sveitarfélagsins.

c) *Starfsmannakjör*

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008. Því skal leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun óháð kyni. Gæta skal þess að kynin njóti að öllu leyti sambærilegra kjara.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á því að allir starfsmenn sveitarfélagsins búi við sambærileg kjör og starfsaðstæður og jafna möguleika til endurmenntunar og starfsþróunar.

d) *Samspil atvinnu- og fjölskyldulífs*

Mýrdalshreppur leggur metnað sinn í að vera fjölskylduvænt sveitarfélag og vinnustaður. Eftir því sem kostur er á skal starfsfólki sveitarfélagsins gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Þetta skal m.a. gert með sveigjanlegum vinnutíma, breyttum starfshlutföllum og annarri hagræðingu eftir því sem kostur er á. Hvetja skal foreldra og/eða forráðmenn til að skipta með sér ummönnun veikra barna. Mikilvægt að báðir foreldrar nýti sér rétt sinn til foreldra og fæðingarorlofs.

Eftir því sem kostur er skal hafa fundi á tímum sem henta fjölskyldufólki og takmarka fundarhöld, á kvöldin og um helgar.

Þessi ásetningur sveitarstjórnar er áréttaður í þriðju grein starfsmannastefnu sveitarfélagsins en þar segir:

3. Samspil atvinnu- og fjölskyldulífs

„Eftir því sem kostur er á skal starfsfólki gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Þetta skal m.a. gert með sveigjanlegum vinnutíma, breyttum starfshlutföllum og annarri hagræðingu eftir því sem kostur er á. Hvetja skal foreldra til að skipta með sér ummönnun veikra barna“

e) *Jafnréttisáætlanir*

Því er beint til stjórnenda í skólum sveitarfélagsins að fylgja því eftir með skýrum hætti að staða kynjanna í skólum sveitarfélagsins sé jöfn og að öll börn og ungmenni séu hvött til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

4. r.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og kynbundið ofbeldi

Með vísan í 22. gr. laga nr. 10/2008 er stjórnendum og yfirmönnum stofnana sveitarfélagsins gert að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða kynbundnu ofbeldi. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun, ber viðkomandi, í samráði við yfirmann, eða eftir atvikum aðra yfirmenn tafarlaust að bregðast við. Þólandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

5. gr.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Sveitarstjórn leggur áherslu á að veita börnum og ungmennum sömu tækifæri til tómsunda og eru æskulýðsfélög hvött til hins sama. Kynin skulu sitja jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til tómsunda.

Íþrótt- og tómsundanefnd skal í störfum sínum vinna að jafnrétti á sviði i æskulýðs- og íþróttamála.

6. gr.

Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins. Stjórnendur skulu beita sér fyrir stöðugri endurmenntun starfsmanna sinna deilda og leggja áherslu á að kynin eigi jafnan möguleika til endurmenntunar.

7. gr.

Kynning og endurskoðun

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins, starfsmönnum/stofnunum og fyrirtækjum á vegum þess og birt á vef sveitarfélagsins.

Áætlunina skal endurskoða á hverju kjörtímabili.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 21.febrúar 2020

Þorbjörg Gísladóttir
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps